

Ed.

245. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902. [*Sóttvarnalög*].

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

6. gr. laga nr. 34 frá 1902 skal orða þannig:

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomu- skipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum úthúnaði þess og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sje til taks.

Bæjarlæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema heilbrigðisstjórnin skipi til þess annan lækni.

Heilbrigðisstjórnin setur reglur um afnot þessa sóttvarnarhúss.

2. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. skal orða þannig:

Sje aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3, má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sje til neytt.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gefa út afsal til hlutaðeigandi kaupstaða fyrir sóttvarnarhúsunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, án þess nokkuð endurgjald komi fyrir þau, með þeim skilyrðum, að á Ísafirði verði settur í nýja spítalann sóttthreinsunarofn, er sje fullnægjandi að álitu landlæknis, að á Akureyri verði sóttvarnarhúsið haft fyrir farsóttahús, og að á Seyðisfirði verði andvirði fyrir sóttvarnarhúsið varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni stjórnarinnar, og fylgdu því svo látandi athugasemdir, er landlæknir hefir samið:

»1902 var landið símalaut. Þess vegna þótti ekki annað fært en að reisa sóttvarnarhús í hverjum landsfjórðungi, hverjum kaupstað landsins, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði. Húsin voru reist. Í Reykjavík hefir sóttvarnarhúsið oft verið notað gegn erlendum sóttum. Húsin á Ísafirði og Seyðisfirði hafa aldrei verið notuð til neins. Húsið á Akureyri hefir iðulega verið notað vegna *innlendra* farsóttu, annars ekki.

Komi skip að landi, t. d. austan eða vestan, og á skipinu menn með erlenda sótt, t. d. pest (svarta dauða), þá er nú hægur um hönd að senda skipið til Reykjavíkur og sima á undan því. Og sje skipið ekki sjófært vegna sóttarinnar, þá má sima suður eftir skipi til að sækja það.

Enn ber þess að gæta, að þrjú yngstu kaupstaðirnir, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Siglufjörður, eiga fulla heimtingu á sóttvarnarhúsum, ef lögin standa óbreytt.

Þá vil jeg geta þess, að jeg hefi margrætt þetta mál við hjeraðslæknana á Akureyri og Ísafirði, og segja þeir jafnan, að þar sje ekki þörf á sóttvarnarhúsi gegn erlendum sóttum, en hins vegar sífeld þörf á farsóttahúsi eða farsóttadeild gegn innlendum farsóttum.

Í Reykjavík hefir bærinn sett á stofn farsóttahús.

Á Ísafirði er farsóttadeild í nýja spítalanum, en þar vantar sóttþreinsunarofn, sem myndi kosta 5000 kr. Fyrir sóttvarnarhúsið má nú fá 4000 kr., og legg jeg til, að því fje verði varið í sóttþreinsunarofn.

Á Akureyri er engin farsóttadeild í bæjarspítalanum. Legg til, að bænum verði gefið sóttvarnarhúsið með því skilyrði, að það verði haft fyrir farsóttahús.

Á Seyðisfirði er sóttvarnarhúsið lítilsvirði og svo hrörlegt, að það verður naumast haft fyrir farsóttahús á vetrardag. Legg til, að bænum sje gefið húsið, með því skilyrði, að andvirði þess verði varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Það getur komið til mála að gera fleiri breytingar á sóttvarnarlögnum frá 1902, en engin brýn þörf á því að svo stöddu.